



Alþýðusamband Íslands

Endurskoðuð hagspá 2010 - 2013

Hagdeild ASÍ
júní 2010

Endurskoðuð hagspá hagdeildar ASÍ fyrir árin 2010-2013

Endurskoðuðu hagspá hagdeildar ASÍ gerir ráð fyrir heldur minni samdrætti í efnahagslífinu þó enn sé staðan erfið og svigrúm heimila og fyrirtækja mjög takmarkað. Atvinnuástandið er erfitt og áfram útlit fyrir mikið atvinnuleysi næstu misserin þó horfurnar séu heldur betri en hagdeildin gerði ráð fyrir í febrúarspá sinni. Mikilvægt er að hraða endurreisn atvinnulífsins og fjölga nýjum störfum. Þá er brýnt að hraða eins og kostur er þeirri endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækja og heimila sem nauðsynleg er í kjölfar efnahagshrunsins. Dragist það á langinn er hætta á að atvinnuleysi verði þrálátur vandi til lengri tíma með þeim vondu afleiðingum sem það hefur fyrir einstaklinga og samfélagið allt.

Bjartari horfur í efnahag heimsins og veikt gengi krónunnar hafa jákvæð áhrif á útflutnings- og samkeppnisgreinarnar en mikil skuldsetning takmarkar þó möguleika margra fyrirtækja innan þeirra raða til frekari vaxtar og atvinnusköpunar.

Hagdeildin spáir því að landsframleiðslan dagist saman um 4,8 % í ár, sem sem er ívið minna en gert var ráð fyrir í febrúar, en undir lok þessa árs verði botni niðursveiflunar náð og hægur viðsnúningur hefjist. Næstu árin verði svo hægur hagvöxtur, 2,3% á næsta ári, 2,8% árið 2012 og 2,6% á árinu 2013.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	2009	Áætlun 2010	Spá 2011	Spá 2012	Spá 2013
Einkaneysla	-14.6	0.9	2.4	2.6	2.2
Samneysla	-3.0	-3.6	-3.0	-3.5	-3.5
Fjármunamyndun	-49.9	-11.9	42.4	26.8	-3.1
<i>þar af atvinnuvegir</i>	-54.2	2.4	67.3	34.8	-3.3
<i>þar af húsnæði</i>	-55.7	-24.2	9.9	8.0	2.0
<i>þar af hið opinbera</i>	-28.9	-33.6	-15.7	-7.0	-7.0
Þjófvarngjöld	-20.1	-1.5	5.4	5.3	-0.1
Útflutningur	6.2	-3.1	1.4	2.7	7.7
Innflutningur	-24.0	1.0	8.2	9.0	2.2
Landsframleiðsla	-6.5	-4.8	2.3	2.8	2.6
Verðbólga ¹	12.0	5.7	3.1	2.4	2.1
Atvinnuleysi ²	8.0	9.6	9.2	8.0	6.9
Gengisvísitala ³	223	225	223	219	214
Viðskiptajöfnuður ⁴	-3.3	0.1	-3.0	-6.7	-4.3

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysliverðsvísitala


² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu

Þessi spá byggir á þeirri forsendu að fyrirhugaðar stórframkvæmdir í atvinnulífinu komist á skrið á næsta ári og auki verulega á atvinnuvegafjárfestinguna næstu tvö árin. Eigi það að ganga eftir er nauðsynlegt að tryggja aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum með því að eyða óvissu og skapa traust. Það gerist ekki nema okkur takist að ljúka Icesave deilunni. Slæm staða hins opinbera veldur samdrætti í opinberum fjárfestingum allt spátímabilið, til ársins 2013 og gengið er út frá því að stjórnvöld muni áfram vinna samkvæmt þeirri efnahagsáætlun sem sett hefur verið fram í samvinnu við AGS og byggir á umtalsverðum samdrætti í opinberum fjármálum næstu árin. Þá er gert ráð fyrir litlum umsvifum í íbúðabyggingum á tímabilinu.

Hagvöxtur




Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa dregist mikið saman síðastliðin tvö ár í kjölfar atvinnuleysis, launalækkana, styttri vinnutíma, skattahækkana og lækkunar á bótum almannatrygginga auk þess sem þrálát verðbólga hefur dregið enn frekar úr kaupmætti. Kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst í heildina saman um tæplega fimmtung (18%) í fyrra og útlit fyrir um 12% samdrátt á yfirstandandi ári. Næstu þrjú árin er reiknað með fremur litlum breytingum á kaupmætti ráðstöfunartekna og gera má ráð fyrir að í lok spátímans verði hann svipaður og árið 2003 og kaupgeta almennings þá svipuð og ártug áður.

Eftir tveggja ára samdrátt gerum við ráð fyrir lítilsháttar vexti í einkaneyslu á þessu ári, tæpu 1%, sem er breyting frá fyrir spá þar sem gert var ráð fyrir nokkurum samdrætti. Ástæður þessa eru fyrst og fremst þær að atvinnuleysi hefur reynst ívið minna en áður var spáð og sömuleiðs má ætla að aðgerðir til að létta greiðslubyrði heimila hafa aukið svigrúm þeirra til neyslu að einhverju marki. Næstu árin fara heimilin sér hægt og er gert ráð fyrir hægum vexti einkaneyslunar til ársins 2013.

Verðbólga hefur farið lækkandi en er þó ennþá hærri en spá hagdeildar frá því í febrúar gerði ráð fyrir þrátt fyrir nokkra styrkingu krónunnar það sem af árinu. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar er lítil og spár gera almennt ráð fyrir stöðugu verðlagi næstu misserin. Þrýstingur á verðlag innfluttra vara ætti því ekki að auka innlenda verðbólgu í bráð auk þess sem takmörkuð eftirspurn ætti að halda aftur af verðhækkunum. Hagdeildin spáir því að verðlag verði að meðaltali 5,7% hærra á þessu ári en í fyrra, áfram dragi úr verðhækkunum og undir lok árs verði verðbólga komin niður undir 3,3%.

Verðbólga

12 mánaða verðbólga ársfjórðungs meðaltöl



Á næsta ári er gert ráð fyrir að verðlag hækki um ríflega 3% og síðan u.þ.b. 2% – 2,5% á ári 2012 og 2013. Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn muni smám saman draga úr peningalegu aðhaldi þannig að vextir lækki og að létt verði á gjaldeyrishöftunum í áföngum. Gengi krónunnar verður áfram veikt en reiknað sé með lítilsháttar styrkingu á spátímanum.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á vinnumarkaði undanfarin tvö ár, fjölmörg störf hafa tapast varanlega, atvinnuþátttaka hefur dregist saman og vinnutími styst. Atvinnuástandið verður áfram slæmt næstu árin þó nú sé útlitið heldur betra en gert var ráð fyrir í febrúarspá hagdeildar. Skárri staða skýrist m.a. af því að fleiri hafa dregið sig út af vinnumarkaði en áætlað var. Þannig hefur fremur dregið úr framboði á vinnuafli en að störfum hafi fjölgað. Nú þegar hafa um 9.000 manns verið án atvinnu í hálfu ári eða lengur og sá hópur fer ört stækkandi. Verði ekki með markvissum hætti unnið bug á þessum vanda er hætt á að hærra varanlegt atvinnuleysi en áður hefur þekkst hér á landi festi sig í sessi. Hagdeildin spáir því að atvinnuleysi verði 9,6% á yfirstandandi ári sem jafngildir því að um 16.000 manns verði að meðaltali án atvinnu. Við gerum ráð fyrir að atvinnuleysi nái hámarki í upphafi næsta árs en þá taki hægt að draga úr því og atvinnuleysið verði komið niður undir 7% á árinu 2013.

Atvinnuleysi

